



Umhverfis- og orkustofnun
Edda Sigríður Freysteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Garðabær, 27. janúar 2026

Málsnúmer: 202601-0044

IAS

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi vegna Svansvirkjunar í Kaldrananeshreppi

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar frá 7. janúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Afls og Orku ehf. um rannsóknarleyfi vegna Svansvirkjunar í Kaldrananeshreppi.

Afl og Orka ehf. sækir um rannsóknarleyfi til 5 ára vegna virkjunar Þverár í Bjarnarfirði en virkjunarkosturinn verður eftirleiðis kallaður Svansvirkjun, en það er það nafn sem landeigendur hafa valið virkjuninni.

Tilgangur rannsóknarinnar sem óskað er eftir leyfi fyrir, er að afla þekkingar á öllum aðstæðum á svæðinu. Nauðsynlegt er að kynna sér aðstæður til þess að hægt sé að:

- útfæra frumhönnun virkjunar
- afla fullnægjandi gagna til þess að senda inn fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort virkjunarkosturinn þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum
- meta hagkvæmni virkjunarinnar

Niðurstöður rannsókna verða lagðar til grundvallar frumhönnun virkjunar, samningum um kostnað við tengingu og áætlun um umhverfismat ef þess verður krafist af Skipulagsstofnun.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerðina með umsókninni og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Neðra-Þverárvatn og Efra-Þverárvatn njóta verndar samkvæmt 61. g. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013); það gera fossar í Þverá líka þó að þeir séu ekki sýndir á kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru mosamelavist og eyðimelavist ríkjandi vistgerðir en þess ber að geta að svæðið hefur lítið verið rannsakað og mikið vantar upp á að kortasjár Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/> og <https://vistgerdakort.ni.is/>) séu nákvæmar þeim mælikvarða sem nauðsynlegur er fyrir framkvæmdir sem þessar.

Rannsóknarsvæðið er líka á óbyggðu víðerni og þarf að meta áhrif virkjunar á þau.

Almennt má segja að svæðið sé lítt þekkt og þarf að kanna m.a. lífríki á landi, í ám og vötnum auk þess að skrá fossa og kortleggja jarðfræði rannsóknasvæðisins.

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn veitingu rannsóknaleyfis til 5 ára sé þess gætt að raski verði haldið í lágmarki.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur